

FRÉTTABRÉF

ÍSLENSKA BÚTASAUMSFÉLAGSINS

Útgefandi Íslenska bútasaumsfélagið, Pósthólf 8244, 125 Reykjavík
1. tbl. 24. árgangur 2025



FRÁ RITSTJÓRA



Að loknu sumri kemur haust
Að búsasauðarar um allan
heim hverfa inn í sinn búta-
saumsheim. Eða þannig. Flest
eigum við okkur uppáhaldsstað
og fyrir marga er það einmitt
saumaherbergið eða sá staður
sem við höfum til að sinna
saumaskapnum.

Á ferðalagi um alheimsnetið
sér maður gjarnan bútasauðara
vísa í þessa staði sem „my happy
place“ eða hamingjustaðinn.

Það er alveg skiljanlegt því auðvelt er að gleyma daglegu amstri,
áhyggjum og öðru veraldarvafstri á meðan hendur þreifa á fall-
egum bútum og hugurinn er á fleygiferð að setja saman mynstur,
hugsa um næstu verkefni og minnst með ánægju lokinna
verkefna.

Okkur í ritnefndinni þætti vænt um að fá frá ykkur félögum
efni í blaðið. Það má vera frásögn af ykkar eigin hamingju-
stað, verkefnum, litlar sögur af hversdeginum eða bútasauðs-
helgum, spjall við aðra bútasauðara sem ef til vill eiga ekki gott
með skrif eða bara hvað sem er annað sem tengist bútasauði.

Muna að senda myndir - því þær gleðja augað og setja hlutina
í samhengi fyrir utan hvað gaman er að fá nýjar hugmyndir og
kynnast nýju fólki.

Hafið það gott í vetur kærur bútasauðarar og við hittumst
sem getum á félagsfundum.

Póstfangið er viggastefans@gmail.com eða
formadur@butasaumur.is.

Eh. ritnefndar
Vigdís Stefánsdóttir

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
Samvinna mæðgna	4
Carrefour	6
Kynning á stjórn 2025-2026	10
The European Quilt Show	11
Dagskrá starfsársins 2025-2026	11
Hvar er druslan?	12
Geta þessar íslensku konur ekki komið annan hvern mánuð?	13
Sögubútar í Árbæ	16
Textilsýningin í Abilmente	17
Jórunn Bragadóttir handverkslistakona	18
Sagan sem hlutirnir segja	20
Forsíðumynd	21
Að láta draumana rætast	22
EQA Challenge 2026 - Hinn heillandi heimur skordýranna	24
Bútasauðssýningin 2025 í Sisters í Oregon	26
Bryddingar	30
Jólatré	32
Budda	34
Óvæntur glaðningur	35

Íslenska bútasauðsfélagið stofnað 28. nóvember 2000

Útgefandi: Íslenska bútasauðsfélagið
Ábyrgðarmaður: Huguín Björk Hafliðadóttir
Ritnefnd: Vigdís Stefánsdóttir, ritstjóri
Margrét Óskarsdóttir
Ragnheiður Björnsdóttir
Svala Kr. Stefánsdóttir
Sigrún Sveinhjörnsdóttir
Sunna Reyri Sigursjónsdóttir
Pósthólf 8244, 125 Reykjavík
Heimilisfang: www.butasaumur.is
Heimasíða:
Facebook: Íslenska bútasauðsfélagið
Netfang: formadur@butasaumur.is
Umbrot: Davíð Gunnarsson
Prentun: Prentun.is

Umsókn um aðild sendist á formadur@butasaumur.is

Upplýsingar um breytt netfang eða heimilisfang
sendist á formadur@butasaumur.is

Efni og greinar sem óskað er eftir að birtist í blaðinu
sendist á viggastefans@gmail.com. Ritstjórn áskilur
sér rétt til að stytta eða lagfæra texta sem birtast eiga í
blaðinu.

Upplag: 370 eintök.

ÁVARP FORMANNS



Kæra félagsfólk.
Nú er félagið okkar 25 ára og á þessum árum hefur áhugasamt fólk byggt félagið upp og skapað samfélag skemmtilegra hefða og fræðandi umhverfis fyrir alla þá sem hafa áhuga á þeirri list að sauma bútasaum. Það er gaman að sjá hversu margir leggja leið sína á saumadagana og mæta á félagsfundum

með opnum hug og gleði. Þátttakan skiptir máli og sýnir að félagið lifir og dafnar og að það er þörf fyrir samveru og sköpun. Svo er það þannig að margir vilja deila hugmyndum, prófa nýjar aðferðir og eru tilbúnir að aðstoða og hjálpa öðrum. Heilt yfir viljum við halda í það sem gengur vel og læra af því sem betur má fara.

Félagsskapurinn okkar byggir á hlýju, virðingu og umburðarlyndi. Hver og einn fær að blómstra á sínum

forsendum og engin hugmynd er of lítil eða of stór. Það skiptir ekki máli hvort þú hafir saumað í áratugi eða sért að taka fyrstu sporin, hér eru allir velkomnir. Í búta-saumi er ekkert sem heitir „ónýtt“ og hver bútur, jafnvel sá minnsti, á sér stað í heildarmyndinni. Þannig er það líka með okkur sjálf, allir skipta máli og með samveru og stuðningi búum við til öflugt samfélag.

Í vetur munum við halda áfram því góða starfi sem hefur verið í félaginu og ég vil þakka öllum þeim sem hafa boðið sig fram til starfa í nefndum, stjórn og öðrum verkefnum fyrir þeirra ómetanlega framlag til að halda félaginu lifandi og skapandi.

Ég hlakka til að vera með ykkur og fram undan eru fleiri félagsfundir, saumadagar og gleðistundir.

*Kær kveðja
Huguína Björk Hafliðadóttir
Formaður*

STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRSINS 2025–2026:

Stjórn

Huguína Björk Hafliðadóttir, formaður
Svala Krístrún Stefánsdóttir, varaformaður
Kristín Björk Erlendsdóttir, gjaldkeri
Álfheiður Sigfúsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Teitsdóttir, varamaður.
Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir, varamaður og fulltrúi stjórnar hjá EQA

Ritnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir, ritstjóri
Margrét Óskarsdóttir
Ragnheiður Björnsdóttir
Svala Kr. Stefánsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir

Sýningarnefnd:

Ragnheiður Björnsdóttir
Margrét Óskarsdóttir
Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir
Fanney Davíðsdóttir
Dagbjört Guðmundsdóttir

Kaffinefnd:

Kemur í ljós í haust

Ferðanefnd:

Kristín Björk Erlendsdóttir
Sigríður Poulsen
Olga Magnúsdóttir
Jóhanna Finnbogadóttir

Fræðslunefnd:

Ásta Kristín Siggadóttir
Jófríður Benediktsdóttir
Halldóra Þormóðsdóttir

Hetjuteppanefnd:

Dagbjört Guðmundsdóttir
Guðný Kjartansdóttir
Kristín Lára Magnúsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir

Góðgerðarnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir
Svala Krístrún Stefánsdóttir
Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir



SAMVINNA MÆÐGNA

Að vinna gersemar úr gömlum afgangum

Mæðgurnar Astrid Hafsteinsdóttir textilkennari Má Akureyri og Helga Kristín Friðriksdóttir, fyrrverandi kennari við hússtjórnarskóla Reykjavíkur eiga sínar handavinnu gæðastundir.

Helga hefur frá 18 ára aldri verið virk í basarnefnd KFUK eða í um 60 ár. Þar hittist hópur kvenna sem vinnur að ýmis konar handavinnu fyrir basarinn. Eftir að Helga eignaðist sitt fyrsta barn voru ekki hæg heimatökin að fara af heimilinu til að taka þátt í þessu þannig að það varð úr að konurnar komu heim til Helgu og sinntu

handverkinu þar. Helga sagðist hafa átt stóran bílskúr og þar safnaðist mikið af efnum, garni og öðru sem henni var gefið af þessu tilefni. Þegar Helga fór að minnka við sig húsnaðið fyrir nokkrum árum voru handavinnukassararnir 120 talsins en eftir mikla vinnu við að fara í gegnum þá og flokka tókst þeim mæðgum að sameina dótið í 80 kassa.

Fyrir nokkrum árum fóru Astrid, sem er búsett á Akureyri, og Helga í Reykjavík að taka frá viku á hverju ári og vinna að verkefnum fyrir basarinn úr gullinu úr bílskúrnum. Þá var Helga búin að sitja yfir veturinn og sauma út. Hún saumar út í allra handa efni og borða sem voru í þessum kössum, afskurðum sem hafa komið með-



Hér eru jólatré sem Helga saumaði og síðan sett á prik og trjábút.



Hér má sjá jólatréin ásamt fleiru á basarinum.



Fleiri veski en þau eru með plast innan í þannig að hægt er að þrifa.



Dúkkuföt voru eitt af því fyrsta sem Helga og Astrid unnu saman á basarinn.



Snyrtiveskin vekja óskipta athygli en Helga saumar út í og Astrid saumar síðan saman.



fram vöggusettum, dúkum og ýmsum borðum sem hafa ratað til hennar. Í þessu verkefni er lítið sem ekkert keypt og þá er einnig hugað að endurnýtingu og unnið að því að koma öllu góssinu úr bílskúrnum í fallega hluti sem síðan eru seldir í þágu góðs málefns. Þetta er ótrúlegt handverk hjá þeim mæðgum og eins og sjá má á myndunum þá eru saumuð snyrtiveski eitt árið, síðan púðar, jólapokar, dúkkuföt, ilmpokar og svona mætti lengi telja.

Helga segir að hún hafi fengið mikið af garni og ýmisskonar efnum gefins í gegnum árin sem hún nýtir í útsauminn. Hún raðar garni eftir litum og setur í plastpoka. Stakir þræðir eru settir í sér kassa og er það uppáhalds kassinn hennar þegar hún saumar út og nýtir

alveg í botn. Það brá fyrir gampa í augum Helgu þegar hún sagði þetta sem sýnir hversu glöð hún er þegar allt nýtist. Helga fær hugmyndir bæði úr blöðum og einnig á Pinterest að verkefnum og munstrum.

Myndirnar sem fylgja þessari grein sýna hversu smekklegr og falleg þessi handavinna þeirra er og ekki er verra ef þið ágætu félagskonur getið fengið hugmyndir til að nota allt það sem eflaust er til í ykkar skúffum og kössum, því eins og Helga sagði „ég er svo klikkuð að ég hendi engu“. Mig grunar að hér á meðal lesenda séu margar konur eins.

Svala Krístrún Stefánsdóttir



Töskur þar sem útsaumaðir renningar er settir inni.



Jólasokkar sem unnir eru úr afskurði af jafa.



Pokar sem saumað hefur verið í borða og skreytt með.



Púði sem Helga saumaði út í og síðan voru afgangar notaðir utan um.



Púði þar sem Helga saumaði í renninga sem fundust í kössunum og síðan var náð í kassann með gráu og svörtu efnum og saumað utan um. Þær saumuðu marga svona sem fara á basarinn nú fyrir jólin.



Barnatöskur.



Þessir ilmpokar eru úr renningum sem komu meðfram vöggusettum og Helga saumaði út í.



Kisu grjónapúðar sem gott er að hita og setja á herðarnar.



CARREFOUR

Evrópska bútasaumsýningin í Alcace, eða European Patchwork Meeting hefur skipt um nafn og kallast nú Carrefour European Quilt Show. Hún var haldin í 30. skiptið dagana 18. til 21. september. Sýningin var mjög

vel heppnuð og sóttu hana 17 þúsund manns, þar á meðal var 26 kvenna hópur frá Íslandi. Flógið var til Zurich og þaðan var farið með rútu til Colmar, sem er borg í u.þ.b. klukkutíma fjarlægð frá sýningarsvæðinu. Sýningarsvæðið er mjög víðfemt því það nær yfir fjögur þorp, Sainte-Marie-Aux-Mines, Sainte-Croix-Aux-Mines, Lièpvre og



Opal Essence eftir Lorena Uriarte.



Grow Free Wildflowers eftir Rachael Daisy Dodd.



Rombach-Le-Franc. Sýnt er á átján stöðum, í kirkjum, kapellum, leikhúsi, ráðstefnusölum, íþróttahúsi og herra-
garði. Rúta gengur á milli á tuttugu mínútna fresti, ýmist
fram eða til baka.

Í ár voru í síðasta skiptið áherslulönd en það voru
Ástralía og Nýja Sjáland. Verkin frá þessum löndum voru
flest ákaflega litrík og áberandi, og vöktu almennt gleði
og vellíðan. Þannig að það verður spennandi að sjá hver
áherslan verður næsta ár.



Ophelia eftir Fiona Lindsay.



Blue Sky Day eftir Lois Parish Evans.



The Lumberjack Song eftir Jenny Bear.



Himinn og Haf eftir Ástu Kristínu Siggadóttur





Nótt og Dagur eftir Ásdís Finnsdóttur.



Tilfinningar eftir Sunnu Rey Sigurjónsdóttur.



EQA var með áskorunarsýningu í annað skiptið á þessari sýningu. Áskorunin í ár var Andstæður og Ísland átti þrjú verk nú eins og í fyrra. Verkin voru aðeins færri en í fyrra eða 502 og sýningin vakti mikla hrifningu. Þessi verk eru ekki dæmd.

Árleg samkeppni var spennandi og eins og í fyrra og tók EQA þátt í táknrænni verðlauna upphæð. Í ár var þemað: Bútasauður eins og þú sérð hann fyrir þér í framtíðinni, nýjar aðferðir eða áherslur. Verkið sem vann, What are her origins, var eftir unga konu frá Ungverjalandi sem heitir Szilvia Kerékgyártó og það var einnig valið verk sýningarinnar. Einnig var samkeppni í hópi nýrra bútasauðara, 5-25 ára og þar tóku EQA löndin þátt í verðlaununum en það voru áhöld og efni til bútasauðs, gjarnan gömul, sem oft er ánaðnað til félaganna. Þau koma vonandi vel að notum og eru hvatning fyrir þessa ungu einstaklinga að halda áfram.

Öryggissaumur

Þegar toppur eða yfirborð er tilbúið fyrir ásetningu kants, eða til stungu, nú eða bara fyrir aðra til að dádast að, er gott að sauma öryggissaum utanum. Það er 1/8 saumur með t.d. sporlengd númer 4, svo ekki rakni upp saumar sem liggja að jaðrinum.

Sunna Rey





Myndirnar á þessari síðu sýna verk frá 5-25 ára sýningunni - þátttakendur eru á aldrinum 5-25 ára.

Margir fleiri listamenn voru með sýningar og það voru ekki bara bútaþaumsverk heldur einnig ýmis útsaumsverk, m.a. frá Ítalíu, Kasakstan, Þýskalandi, Brasilíu, Hollandi og Suður Kóreu. Fleiri myndir og frásagnir eru einnig að finna undir skránni á Fésbókarsíðu félagsins.

Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir



KYNNING Á STJÓRN 2025-2026



Álfheiður Sigfúsdóttir

Skrifstofumaður, búsett í Kópavogi. Hef verið í búta-
saum frá 2016.

í nýrri vinnu og samstarfskona mín kynnti mig fyrir búta-
saumnum. Við stofnuðum saumaklúbb sem heitir Lausir
endar og drösluðumst með saumavélarnar með okkur á
tveggja vikna fresti í nokkur ár. En við erum hættar því og
ég er sú eina sem er enn að sauma bútasaum.



Hugrún Björk Hafliðadóttir

Fræðslustjóri og mannauðs-
sérfræðingur, búsett á Álfta-
nesi. Bútasaumur hefur
verið áhugamál hjá mér frá
1999. Ég hef mest verið í
hefðbundnum bútasaum en
kynntist fyrir nokkrum árum
„fabric collage“ sem ég heill-

aðist af. Er mjög vandvirk og verkefni taka oft langan
tíma en mottóið mitt er að ég vil vera ánægð og sátt með
útkomuna.



Margrét Teitsdóttir

Heldri borgari, búsett í
Reykjavík. Hef verið í búta-
saum með hléum frá 2008.



Sunna Rey Sigurjónsdóttir

fyrirum kúabóndi en er núna
sjúkraliði í heimahjúkrun. Ég
byrjaði í bútasaum með því
að fara á námskeið í nóvem-
ber 1999 og var þá loksins
búin að finna þá handavinnu
sem ég var alltaf að leita að.
Ég er mest í hefðbundnum
bútasaum.



Ingibjörg Halldórsdóttir

Matreiðslumaður, búsett í
Reykjavík. Fyrsti bútasaumur
minn var púði í kringum
1984, gerður með hjálp syst-
ur minnar, ég þá 11-12 ára og
hef verið í alls konar handa-
vinnu síðan. Hef svo farið á
helgarnar á Laugabakka og

Örkinni sem Jóhanna hefur verið með og skráði mig svo
í félagið 2024.



Svala Krístrún Stefánsdóttir

Matartæknir, búsett á Akur-
eyri. Hefur verið í bútasaum
frá árinu 2004. Í dag er mest-
ur áhugi á allskonar hand-
saum.



Kristín Björk Erlendsdóttir

Bókari, búsett í Garðabæ. Ég
hef alltaf haft mikinn áhuga
á ýmiskonar handavinnu.
Ég saumaði fyrsta búta-
saumspúðann í handavinnu
12 ára gömul og gerði nála-
púða úr afganginum og ég á
hann ennþá. 1998 byrjaði ég



30TH CARREFOUR – THE EUROPEAN QUILT SHOW

Það var mikil þátttaka í því að kjósa besta verk sýningarinnar. 123 þátttakendur frá 22 löndum tóku þátt. Þessi þátttaka hjálpaði dómnefndinni að velja besta verkið og varð verk eftir Szilvia Kerékgyártó, Ungverjalandi fyrir valinu.

„Með nýjum tækjum og efnum er hægt að gera hlutina hraðar og með auðveldari hætti. Ég vona að eftir 30 ár verði bútasaumarar jafn hugmyndaríkir og þjóðlegir og þeir eru í dag, haldi áfram að varðveita handverkið og gleymi aldrei uppruna sínum“ segir höfundur verksins.

Margrét Óskarsdóttir



*Verkið: What are her origins? eða Hver er uppruni hennar?,
eftir Szilviu Kerékgyártó, frá Ungverjalandi.*

DAGSKRÁ STARFSÁRSINS 2025-2026

Sæl öll.

Nú fer dagskrá starfsársins að byrja og hefst með saumadegi 30. ágúst.

Það verða fjórir saumadagar og fimm félagsfundir og verður dagskrá hvers fundar auglýst þegar nær dregur. Búast má við frásögnum frá ferðum, sýningum og námskeiðum. Einnig verður fræðsla, "sýnt og sagt frá", happdrætti og margt fleira skemmtilegt.

Fundirnir verða haldnir í salnum, Sléttuvegi 21-23, 103 Reykjavík.

Þetta er samvera og tími sem við gefum sjálfum okkur og öðrum.

30. ágúst (laugardagur) – Saumadagur kl. 10:00

1. október (miðvikudagur) – Félagsfundur kl. 19:30

29. október (miðvikudagur) – Félagsfundur kl. 19:30

26. nóvember (miðvikudagur) – Jólafundur kl. 19:30

6. desember (laugardagur) – Saumadagur kl. 10:00

17. janúar (laugardagur) – Saumadagur kl. 10:00


25. febrúar (miðvikudagur) – Félagsfundur kl. 19:30

14. mars (laugardagur) – Saumadagur kl. 10:00


29. apríl – (miðvikudagur) – Aðalfundur kl. 20:00

Hlökkum til að sjá ykkur í vetur.

Kærar kveðjur, stjórnin



HVAR ER DRUSLAN?



Já hvar er druslan? Þetta er spurning sem ég hef oft heyrt í gegn um árin á saumafundum. Druslan sem sparar tvínna og kemur í veg fyrir að vélin éti í sig hornin á því sem við erum að renna í gegn, undir nálina. Og ég hef notað margar druslur og geri oft enn, en fyrir mörgum árum las ég í bloggi hjá Bonnie Hunter, vel þekktri amerískri bútasaumskonu, um Leaders Enders. Það gengur út á að hafa alltaf hliðarverkefni þegar saumað er ákveðið verkefni. Og í stað druslunnar eru alltaf tilbúnir bútar til að sauma saman einingar í byrjun og lok saumadags eða í stað þess að klippa frá þegar þess þarf.



Ég byrjaði strax að nota þessa aðferð og hef þannig byrjað á mörgum teppum, þegar nóg er komið af einingum verður það svo að aðalverkefni.



En mér hefur ekki gengið vel að finna íslensk orð fyrir Leaders Enders, ég var eitthvað að baslast með orðið leiðari en fannst það aldrei gott. Í samtali í sumar var mér svo bent á orðið endabútur sem mér fannst mjög gott og í framhaldi af því heyrði ég orðið leiðibútur sem mér finnst ennþá betra. Og hér er fullklárað síðasta teppið sem ég byrjaði á með leiðibútum.

Sunna Rey Sigurjónsdóttir



GETA ÞESSAR ÍSLENSKU KONUR EKKI KOMIÐ ANNAN HVERN MÁNUÐ?



Glaðar konur í lok ferðarinnar.

Þann 15. júní síðastliðinn fóru 25 konur til Bandaríkjanna til þess að læra ullarquilteringu hjá Lisu Bongean hjá Primitive Gatherings í Larsen í Bandaríkjunum. Það var Halldóra Þormóðsdóttir sem kynnti fyrir okkur þessa hugmynd að ferð sem varð síðan að veruleika í sumar.

Hópurinn samanstóð af konum á öllum aldri víðast hvar af landinu og hristist hann mjög vel saman, því staðreyndin er sú þegar áhugamálið er það sama þá skiptir aldur engu.

Nokkrar kvennana voru þegar byrjaðar á að sauma út í ull en aðrar höfðu aldrei komið nálægt því og síðan læddust líka með konur sem leigðu sér saumavél og saumuðu hefðbundinn bútasaum því það var ekki nauðsynlegt að taka námskeiðið í ullarsaumnum en aðalatriðið var félagsskapurinn og sú aðstaða sem okkur var boðið uppá.

Undirrituð byrjaði snemma að pakka og passaði sig að reyna að hafa sem fæst fót meðferðis þar sem reynslan sýnir að oft freistast maður til að versla sér eitthvað girnilegt þegar komið er í stóra verslun þar sem efni og fylgihlutir fylla allar hillur og rekka.

Hópurinn safnaðist saman á Keflavíkurflugvelli þar sem ferðin hófst. Flogið var til Chicago þar



Ferðalok þreyttar en ánægðar konur á flugvöllinum.

sem gíst var fyrstu nóttina. Strax um kvöldið lögðum við undir okkur hót-elgarðinn og þrjónar og saumastykki voru tekin upp og vinnan byrjaði í um 30 stiga hita.

Daginn eftir þá fórum við sem leið lá til Larsen sem er um 3 tíma keyrsla og mikið var skrafað á leiðinni og auðvitað var handavinnan tekin upp eins og í flugvélinni.

Í Primitive var vel tekið á móti okkur, Peggy hóteltýra sýndi okkur



Listaverk úr gömlum tinnakeflum.



Flestar keyptu sér kassa og röðuðu í þá með miklum metnaði.

svæðið og herbergin þar sem biðu okkar gjafir, taska með girnilegu innihaldi fyrir saumakonurnar. Búta-
saumsverk voru upp um alla veggi



*Vél var tekið á móti okkur Búta-
saumsherbergi og
gjafataska á rúminu.*



Verið að skrásetja útsaumsgarnið.

bæði á vinnusvæði, á gangi og í her-
bergjum.

Íslensku konurnar voru snöggar
að koma sér út í búta-
saumsverslun-
ina og skanna þar hillur og ganga en
ekki var mikið keypt fyrsta daginn.

Við komum okkur fyrir við
vinnuborðin og vinnan hófst, við
vorum það kappsfullar að við
fórum aðeins fram úr okkur því að
leiðbeinandinn Lisa Bongean var
ekki enn mætt.

Við höfðum valið okkur verkefni
áður en við fórum út þannig að
pakningarnar voru afhentar fljótt
eftir komuna.

Æfingastykkinn voru dúkar þar sem
okkur var kenndur undirbúningur,
saumaskapur og frágangur á stykkj-
unum. Einnig sýndi Lís okkur margt
annað sem vakti áhuga okkur.

Farið var með okkur í sýningarferð
um svæðið en það er önnur grein um
það hér í blaðinu.

Auðvitað gafst nógur tími til að
kíkja út fyrir í smá sólbað og til að
kíkja í dollarabúðina við hliðina til



*Ánægð kona eftir ferð í búðina þar sem verslað var í
töskuna góðu.*

að kaupa sér vatn og aðra vökva sem
nauðsynlegir eru í svona hita.

Á staðnum var mötuneyti þar sem
hringt var bjöllu þegar við áttum að
mæta í mat. Þannig að við vorum
með toppþjónustu og gátum eytt
okkar tíma í sauma og skemmtileg-
heit.

Kvöldmatur var kl. 17 þannig að
við áttum nokkuð langt kvöld.

Í einu símtali heim var einni kon-
unni á orði að maturinn væri mest
einhverjar kássur sem þyrfti ekki að
tyggja og síðan væri kvöldmaturinn
kl. 17. Svarið sem hún fékk var ...
mamma það er verið að venja þig við
elliheimilið.

Eftir 6 ljúfa daga í Primitive Gath-
erings var komið að kveðjustund,
margar hefðu viljað fá að vera lengur
en hópur Svía beið eftir að komast
að.

Töskum hafði fjölgað þar sem
margar voru það séðar að vera með
handfarangurstöskur ofan í stærri
töskunum og ferðirnar í búðina
höfðu skilað auka farangri því margt




Ekki slegið slöku við í útsauminum.



Eitt af mörgum fallegum verkum sem urðu til í ferðinni.



Lisa.



Gangurinn var klæddur með bútasaumsteppum, hvert öðru fallegra.

þurfti að kaupa bæði stór og lítil verkefni sem tengdust ullarsauminum. Eins væri gaman að vita hversu mikið útsaumsgarn var keypt þessa dagana því hvert verkefni þarf marga litatóna sem þær sem voru að byrja í ullarsauminum áttu ekki til.

Ekið var aftur til Chicago þar sem við gistum í 2 nætur í viðbót, og með smá innliti í mollið sem var við hliðina á hótelinu fór enginn tómhentur heim.

Reyndar vorum við kvaddar með þeim orðum að tölvumaðurinn sem sá um uppgjör búðarinnar hefði sagt er hann sá hversu drjúgan skilding við skildum eftir okkur, „Geta þessar íslensku konur ekki komið annan hvern mánuð?“. En líklega þurfum

við lengri tíma til að vinna úr öllum þeim verkefnum sem við komum með okkur heim áður en stefnan verður tekin aftur til Primitive Gathering. En annar íslenskur hópur er á leiðinni í september með Halldóru þannig að líklega verður rekstur búðarinnar öruggur fram eftir vetri.

Takk Halldóra og mínir dásamlegu ferðafélagar fyrir frábæra daga, það er ómetanlegt að geta eytt svona löngum tíma við hannyrðir og spjall og þurfa bara að standa upp og færa sig smá um set til að metta sig í mat og drykk.

*Með saumakveðju
Svala Stefánsdóttir*



Verið að undirbúa saumastykki.



SÖGUBÚTAR Í ÁRBÆ

Sælt félagsfólk!

Undanfarið hef ég verið að vinna að verkefninu Sögubútar í Árbæ: Bútaaumssmiðja / Pieces of History in Árbæ. Mig langar til að bjóða ykkur að gera 30 x 30 cm bútaumsblokk fyrir verkefnið en það verður afar stórt teppi og í því eru blokkir sem gerðir eru af fjölmörgum Íslendingum.



Ég hef verið í bókasafninu í Árbæ og hef þar kennt nýliðum í bútaaum og þau hafa svo látið blokkir í teppið en einnig kemur vant saumafólk sem saumar blokkir og mér þætti afar vænt um þátttöku ykkar í þessu verkefni.

Mynstrið má vera hvaða sem er, en litaskemað ætti að endurspeglar íslenskt landslag. Ykkur er velkomið að sækja til mín efni á næsta félagsfundi eða nota eigin efni í svipuðum litum og sjá má hér.



Það er valfrjálst að senda með blokkinni svör við spurningunum hér að neðan. Afraksturinn verður saumaður í teppið á næsta ári.



Spurningarnar:

„Hvernig líður okkur?

Hvar og hvernig viljum við sjá breytingar í umhverfi okkar?“



Vinsamlega sendið blokkina (og svörin ef þið viljið) til mín, Christalena Hughmanick, Frakkastígur 22, 101 Reykjavík, fyrir apríl 2026 svo hún verði hluti af stóra teppinu.

Ég mun bjóða ykkur að hjálpa til við að setja teppið saman um miðjan apríl á viðburðum sem Borgarsögu-safn Reykjavíkur heldur.

Frekari upplýsingar munu berast síðar.

Þið getið lesið um fyrra verkefni mitt af svipuðum toga hér:

<https://www.christalenaughmanick.com/performancevideo#/freedom-quilt/>

og sent spurningar á:

christalenaughmanick@gmail.com

Takk kærlega!


Christalena



TEXTILSÝNINGIN Í ABILMENTE

Evrópsku bútasaumssamtökunum (EQA) var boðið að taka þátt í Abilmente textilsýningunni í Vicenza á Ítalíu en hún fór fram dagana 20-23 febrúar á þessu ári. Þessi stóra sýning er haldin árlega og þar má finna allt sem tengist textíl í hvaða formi sem hann er. Þar má einnig taka þátt í bæði vinnustofum og námskeiðum. Haldin var samkeppni fyrir EQA löndin og var þemað Goðsagnir (Legends). Verkið sem vann var ákaflega fallegt og heitir Einstein. Það var gert af þýskri konu, Moniku Flake. Ísland sendi tvö verk, Björk Guðmundsdóttur eftir Ásdísi Finnsdóttur og Þuríði Sundafylli eftir Sunnu Rey Sigurjónsdóttur.

Sunna Rey Sigurjónsdóttir



Heimasíða félagsins er butasaumur.is. Þar er að finna fréttir af fundum, námskeiðum og fleira. Einnig eru þar eldri tölublöð í rafrænu formi.



JÓRUNN BRAGADÓTTIR – HANDVERKSLISTAKONA

Veit ekki alveg hvers vegna þú ert að hafa samband „við mig“ var svarið hjá Jórunni Bragadóttur þegar ég heyrði í henni til að taka stutt viðtal við hana um bútasaumsáhuga hennar og hannyrðir almennt.

Með þessu svari sést hvað hún er lítillát með handverkið sitt. Hún segist sjálf vera handavinnufikill. Hún þrjónar jafnt sem saumar út og þess á milli er hún í bútasaumi. Bútasaum hóf hún að vinna að og læra fyrir 20 árum, eða eftir að hún eignaðist barnabarn og langaði að gera barnateppi.

Hún fór þá á námskeið hjá Sprettunum sem er bútasaumsklúbbur á Austurlandi, nánar til getið Eskirfirði þar sem Jórunn býr, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði og Egilsstöðum. Klúbburinn er yfir 30 ára gamall og hittast þær tvisvar sinnum í mánuði frá september fram á vor. Undanfarin ár hafa þær endað starfið á að fara langa helgi, miðvikudag til sunnudags, á Eiðar og er mikið saumað þessa daga.

Það eru ekki einungis konur úr Sprettunum sem mæta heldur bjóða þær konum alls staðar af landinu og hefur mæting verið sérlega góð. Jórunni finnst mjög gaman og hefur gert þó nokkuð af því að búa til verkefni fyrir klúbbinn og einnig að taka þátt í áskorunum af ýmsum toga. Skemmtileg ögrun finnst henni þegar hún sér eitthvað á netinu og finnur ekki uppskriftina, að koma henni á blað og sauma síðan. Því meira krefjandi því skemmtilegra. Þegar ég innti hana eftir því hvers vegna



hún hafi þennan gríðarlega áhuga á handverki er ekki bið eftir svari „maður kúplar sig algjörlega út úr öllu þegar maður er að vinna við handverk“.

Það er ekki nóg fyrir hana að gera mikið í höndunum alla daga í sínum frítíma heldur vinnur hún núna tvo daga í viku við félagsstarf aldaraðra á Eskirfirði og segir það virkilega gefandi starf, þar sem hún þarf að finna verkefni við hæfi hvers og eins og það gefi sköpunargleði hennar lausan tauminn.

Í Covid var hún í skemmtilegum hópi bútasaumara sem gerðu allar sama verkefnið, sem Sunna Gissuradóttir



Drekafluguteppi. Sá þetta teppi á netinu og var það mjög flókið verk, allt í 2,5" ræmum sem eru á ská og tók verulega á að sauma það en hafðist að lokum.



Húsateppi. Ég fann mynd af þessu teppi á Pinterest og ákvað að gera það handa syni mínum sem var að flytja að heiman. Þegar ég hafði lokið við teppið, fór ég heim til hans og hengdi það upp - við mikinn fjögnuð hans.



Nornateppi. Mynstrið var þentað frá Keepsake quilting en Jórunn elskar nornir og uglur. Það kom ein blokk í mánuði og fannst Jórunni þetta skemmtilegt verk og góð áskorun. Hún stakk teppið sjálf.



Covid dúkurinn. Þessi dúkur var saumaður í Covid og var þetta óvissu verkefni sent frá Sunnu Gissurardóttur bútasaumskonu á Grundarfirði. Notast átti eingöngu við efni sem til voru í skápnum. Síðan hittust konurnar á Löngumýri og sýndu afraктsturinn og var gaman að sjá hvað þetta var fjölbreytt.

á Grundarfirði stóð að. Þær áttu allar að gera eins dúk og máttu bara nota það efni sem þær áttu heima. Síðan hittist stór hópur af þeim á Löngumýri og sýndu dúkana og var virkilega gaman að sjá hvað þeir voru ólíkir þó mynstrið hafi verið það sama. Jórunn hefur ekki bara farið á bútasaumshelgar á Löngumýri heldur og líka



Veggstykki. Þetta er pappírsaumur sem var eitt sinn óvissuverkefni hjá klúbbfélögum hennar.

verið leiðbeinandi á þróunahelgunum þar og finnst það ekki síður gefandi.

Hún hefur, eins og svo margar aðrar, farið á sýningar erlendis og námskeið. Fyrsta ferðin hennar var til USA með Guðrúnu Erlu en það var 5 daga námskeið sem gleymist seint. Sýninguna í Birmingham hefur hún heimsótt nokkrum sinnum með klúbbfélögum sínum. Þessar ferðir gefa henni mikinn innblástur og auðvelt að ná sér í allskonar efnivið til vinnslunar.

Jórunn hefur í gegnum árin verið með í umboðssölu bútasaumsefni og tæki og tól frá Bútabæ og hefur það oft komið sér vel fyrir saumakonur á Austurlandi. Hana dreymir um að geta gert betur í því og komið upp lítilli verslun þessu tengdu.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir



Litaflæði. Þetta fallega teppi sá Jórunn á Pinterest og gat alls ekki fundið uppskriftina svo hún fékk vin-konu sína til að hjálpa sér að finna út úr því hvernig það væri saumað og var þetta virkilega skemmtilegt verkefni sem hún er mjög stolt af að hafa klárað. Jóhanna í Bóthildi stakk það.



Gæsatoppið. Þetta fallega teppi hefur m.a. farið á sýningu. Jórunn fékk tilboð í teppið eftir sýninguna en þegar til kom var viðkomandi ekki tilbúinn til að greiða uppsett verð. Mynstrið kom úr bók sem Jórunn á.



Uglur hafa alltaf heillað Jórunni alltaf og auðvitað saumaði hún sér ugluteppi.



SAGAN SEM HLUTIRNIR SEGJA

Endurnýting hefur átt hug Önnu Birnu Einarsdóttur í yfir 20 ár. Þegar hún ákvað 2003 að klára masters-nám í skólastjórnun fannst henni upplagt að láta gamlan draum rætast og nýta tímann við mastersvinnuna í handavinnunám í Danmörku. Varð nám í Textíleseminarium í Skals í Danmörk fyrir valinu og þaðan kláraði hún BA gráðu í handavinnukennslu fyrir öll skólastig samhliða

mastersnáminu í skólastjórnun frá Háskólanum á Akureyri.

Hún situr fyrir framan greinarhöfund, skælbrosandi, í sinni fallegu hönnun. Kjóll í fallegum bláum litum og auðvitað er hann prýddur útsaumi sem hún gerir mikið af. Þegar hún fluttist til Danmerkur opnuðust augu hennar fyrir á endurvinnslu textíls og hún naut þess að



Svurnturnar saumaði hún í tuga tali og seldi á mörkuðum eftir að hún fluttist heim frá DK.



Hér eru það bláir jólasokkar sem fengu að fljóta með á mörkuðum, unnir úr gömlu sængurfatnaði.



Kjólarnir eru að auki margir hverjir skreyttir alls konar útsaumi og fær sköpunargleiddin algjörlega að ráða ríkjum.





Kjólarnir eru allir einstakir og nýtur hún þess að hanna og sjá efnið spila saman og útkoman eru kjólar í öllum stærðum og gerðum.

fara á markaði og finna fallegan efni við. Þarna hóf hún fyrir alvöru að móta sinn eigin stíl. Hún segir að það að koma þarna út á þessum tíma hafi þetta verið alveg nýtt fyrir henni og þótti sjálfsagt þarna úti að versla notað sem varla þekktist hér á Íslandi segir hún. Hún brosir og heldur áfram að segja greinarhöfndi frá þessum góðu árum. „Svo þegar ég flutti heim aftur þá var ég í svo miklu flæði að ég lagði undir mig bílskúrinn og saumaði svuntur í tugatali og seldi á mörkuðum“.

„Í dag er þetta minn lífstíll – að nota góð hráefni sem endast og eiga sér sögu og sem lifa áfram með nýjum kynslóðum“. Flíkurnar hennar eru allar einstakar og persónulegar úr fallegum gæða efnum. Undanfarin ár hefur Anna Birna starfað sem skólastjóri í Fellabæ á Héraði en býr í Hallormsstað og nýtur þess að sinna list sinni í frístundum. Kyrrðin og kraftur skógarins gefa henni hugarró og innblástur.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Forsíðumynd

Sonur minn sem er 28 ára í dag bað mig um að sauma Star Wars teppi fyrir sig fyrir nokkrum árum síðan. Þá fór ég að leita að þannig efnum og ætlaði að kaupa Darth Vader panel sem er svart kallinn. En ég fann hann ekki og keypti þann eina sem var í boði og það var auðvitað ekki sá rétti en hann hélt á geislasverði sem ég vildi nota í teppið.

Ég vildi ekki skera efnið í smáa búta því það voru svo margar myndir á þeim sem ég vildi að fengju að njóta sín, þannig að ég fór að leita að hugmyndum af sniði á netinu.

Ég fann eina og saumaði prufu og skrifaði málin á efnið. Svo skar ég allan panelinn niður og notaði hann í teppið.

Ásdís Finnsdóttir stakk teppið.

Kristín Erlendsdóttir



AÐ LÁTA DRAUMANA RÆTAST

Flaust hefur það ekki verið draumur Lisu Bongean að kenna bútasaum og reka fyrirtæki því tengt í sínum uppvesti.



Lísa er konan sem stofnaði Primitive Gatherings verslunina og fyrirtækið í kringum hana. Hún var 28 ára gömul þegar hún kynntist fyrst bútasaum. Hún var ekki alin upp við saumaskap og því var grunnurinn enginn. Hún fór í búð og keypti sér pakkningu með mynstri. Fór síðan heim og fann þörf til að endurgera mynstrið og saumaði sína útgáfu af verkinu. Síðar er hún sýndi verkið í versluninni var henni strax boðin vinna. Lísa var svo sannarlega komin á réttan stað í lífinu því einungis 4 árum seinna setti hún á fót eigin verslun og boltinn fór að rúlla. Hún varð vinsæll kennari og ferðaðist víða en síðar kom að því að hana langaði að draga úr ferðalögum og eyða meiri tíma með fjölskyldunni.

Í byrjun árs 2020 keypti hún nokkrar ekrur lands og hófst handa við byggingu þá sem nú hýsir bútasaumsverslun, hönnunarstofu, stúdíó, litunar- og framleiðslusvæði og lager. Í annarri byggingu er gistihús með vinnusal og mötuneyti.



Okkur íslensku bútasaumskonunum bauðst að fara með Lisu í skoðunarferð um svæðið og byrjuðum við á að fara inn á efri hæðina þar sem er til húsa skrifstofa Lisu og vinnuaðstaða. Hún sýndi okkur hvernig hún skapar ný efni með því að styðjast við gömul bútasaumsteppi sem hún hefur víðað að sér á mörkuðum og víðar. Þegar mynstrið er komið þá notar hún litapallettu til að fullgera verkið. Lísa er einn af hönnuðum Moda fyrirtækisins sem við þekkjum flestar hér á landi. Hún hefur hannað 52 efnalínur fyrir þá. Í hillum má sjá mörg efni sem við könnuðumst





við frá liðnum árum í okkar saumaskap. Í hliðarherbergi má sjá margar hillur af gömlum teppum sem hún notar til að fá innblástur í verkin sín. Á þessari hæð er einnig stúdíó þar sem hún sendir út vikulega þætti um bútasauð. Best er að leita eftir Lisa Weekend Stitch with Lisa Bongean á Youtube og þá ætti þátturinn að koma upp.

Leið okkar lá síðan niður á neðri hæðina þar sem við sáum inn í búðina sem við könnuðumst flestar orðið vel við. Við hlið búðarinnar var stórt rými þar sem nokkrar stórar quiltvélar stóðu og við hlið þeirra var aðstaða fólksins sem vann á þær. Lisa sagði okkur að hún noti eingöngu glæran tvínnu í yfirborð teppanna og reynir að vera með sama munstrið yfir allt stykkið. Þau taka að sér að quilta fyrir almenning. Einnig er þarna aðstaða grafíks hönnuðar sem sér um að hanna útlit á pakkningum og bókum sem eru gefnar út af fyrirtækinu. Allt er prentað þarna á staðnum.

Næst komum við á litunarsvæðið en ullarefnin eru keypt ólituð í stórum ströngum og eru lituð á staðnum, síðan eru unnar úr þeim sölupakkaningar sem seldar eru undir merkjum Primitive Gatherings. Gaman var að sjá einn starfsmann sem var að handskera niður í pakkningar, sem sagt engin fjöldaframleiðsla þar á ferð. Næst lá leið okkar á lagerinn fyrir búðina en efnastrangar, garn og margt annað beið þarna eftir að fara fram í búðina.

Þarna var einnig aðstaða fyrir þá starfsmenn sem sáu um samskipti við viðskiptamenn og einnig vefverslunina. Fyrirtækið er með 45 starfsmenn og er þar að hluta til fjölskylda Lísu, mágkona hennar sér um litunina, synirnir um að quilta og einnig um verkstæðið.

Einhver myndi segja að þetta sé ameríski draumurinn að geta látið svona hugmynd ganga upp, en Lisa sagði okkur að covid hefði að mörgu leyti hjálpað sér, því auðvelt var að fá iðnaðarmenn á góðum launum í covid til að vinna við byggingarnar svo allt gekk betur upp. Enn er ónýtt landsvæði í eigu hennar þar sem draumurinn er að koma upp blómagarði.

Þannig að kannski í framtíðinni geta bútasauðskonur rölt um blómagarðinn hennar Lísu og slakað á eftir að hafa verslað og saumað daginn langan.

Svala Stefánsdóttir





EUROPEAN QUILT ASSOCIATION
EQA CHALLENGE 2026

HINN HEILLANDI HEIMUR SKORDÝRANNA

Tilgangur Evrópsku bútasaumssamtakanna er að efla bútasaum þvert á landamæri, menningu og tungumál. Þótt markmið okkar sé að leggja áherslu á það sem við eigum sameiginlegt í ástríðu okkar fyrir bútasumi, þá hvetur áskorun þessa árs okkur til að fagna fjölbreytileikanum með því að beina sjónum okkar að heillandi viðfangsefni: Skordýrum.

REGLUR:

1. Skordýr eru fjölbreyttur hópur dýra, með meira en milljón tegundir; þau eru meira en helmingur allra dýrategunda. Þau kunna að vera lítil en gegna eigi að síður mikilvægu hlutverki í heiminum. Þau frjóvga plöntur, auðga vistkerfi og veita innblástur fyrir list og hönnun. Við nánari skoðun kemur í ljós ótrúleg fjölbreytni lína, forma, lita og áferða sem býður upp á endalausan innblástur fyrir skapandi túlkun. Með þessari áskorun hvetjum við félagsmenn til að líta út fyrir fyrstu kynni og kanna hulda fegurð skordýra. Hvort sem verkið þitt er fingert eða gróft, raunverulegt eða óhlutbundið, láttu það fanga undur þessara merkilegu vera og sýna hvernig fjölbreytni auðgar bæði náttúruna og bútasaumssamfélagið okkar. Frá örsmáum vængjum til flókinna munstra, megi verkin ykkar opinbera hulda undraveröld skordýranna.
2. Nota má hvaða tækni eða stíl sem er. Forðist að gera þrívíð verk og nota þung eða viðkvæm efni þar sem verkin munu ferðast um alla Evrópu.
3. Kantur: Í samræmi við stíl verksins svo lengi sem stærðarkröfum er fylgt.
4. Stærð: 1: 35 x 35 cm (ferningur). Ekkert má hanga á verkinu þar sem það gæti skemmst við flutning og geymslu.
5. Verkið á að vera með upphengiborða sem er að lágmarki 7 cm á breidd. Borðann skal festa 1 cm frá efri brún og 2 cm frá hliðum. Lagt er til að borðinn sé 31 cm á lengd og 7 cm á breidd.
6. Merking á bakhlið skal innihalda nafn listamanns, heiti verksins, netfang og upprunaland.
7. Allir félagsmenn geta tekið þátt með eitt verk og ekkert þátttökugjald er. Verkin eru ekki til sölu.
8. Gert er ráð fyrir að myndum af verkunum í heild sinni sé ekki deilt á neinum opinberum vettvangi/samfélagsmiðlum áður en EQA birtir þær á Facebook. EQA áskilur sér rétt til að nota myndir af verkunum í kynningarskyni.
9. Verkin verða sýnd á ýmsum bútasaumsviðburðum í aðildarlöndum EQA.
10. Skráðu áhuga þinn á þátttöku hjá fulltrúa þínum í EQA með því að senda nafn, heimilisfang og netfang rafrænt eða í pósti fyrir 31. janúar 2026. (Þetta má gera í gegnum vefsíður félaganna þar sem það er í boði.)
11. Með þátttöku þinni viðurkennir þú að þátttakendur verða á öllum færnistigum. Verðlaunin fyrir þátttökuna eru reynslan og ánægjan af því að tengjast öðru evrópsku bútasaumsfólki.





EQA CHALLENGE 2026

HINN HEILLANDI HEIMUR SKORDÝRANNA

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ

Nafn Símanúmer.....
Heimilisfang Netfang.....
.....
.....
Númer félags
.....

Nafn félagsins á íslensku: Íslenska bútasauksfélagið.
Nafn félagsins á ensku: The Icelandic quilt association

☐ **Ég hef lesið og skilið skilmálana.**

Undirskrift..... Dags.....

Vinsamlega sendu umsóknareyðublaðið fyrir 31. janúar 2026.

Vinsamlega sendu mynd af verkinu tilbúnu fyrir 31. maí 2026.
Mögulega verðar myndir af verkum notaðar í auglýsingu.

Verkið þarf að afhenda EQA fulltrúa Íslands fyrir 15. júní 2026.

Fulltrúi EQA

Sunna Rey Sigurjónsdóttir, reys@yahoo.com



BÚTASAUMSSÝNINGIN 2025 Í SISTERS Í OREGON


50th Anniversary - Sisters Outdoor Quilt Show "Golden Memories"

Það iðaði allt af eftirvæntingu, glaðværð og kátínu á götum litla bæjarins þegar mannfjöldinn gekk um og virti fyrir sér öll teppin á húsveggjum, göflum, veröndum, þakskyggnum og sýningarsvæðum. Yfir tíu þúsund manns heimsóttu bæinn á þessari 50 ára afmælissýningu Sisters Outdoors Quilt Show í Oregon. Fólkið kom frá öllum Bandaríkjunum og fjölmargt frá öðrum löndum og þar á meðal var ég.



Í þessum krúttlega bæ, Sisters í Oregon, er árlega haldin stærsta bútasaumssýning í heimi sem eingöngu er haldin utandyra. Frítt er inn á sýninguna sem er skipulögð af sjálfbóðaliðum, styrktaraðilum og af sjálfeignarstofnun sem nefnist Sisters Outdoor Quilt Show (SOQS). Á viðburðinum er engin keppni, stigagjöf eða úrslit, einungis gleði, list og samvera. Sýningin var í ár haldin laugardaginn 12. júlí á fallegum degi í steikjandi hita og





sól. Yfir þúsund bútasauksteppi voru hengd upp til sýnis. Hluti verkana var tileinkaður þema sýningarinnar “Golden memories” sem vísar í öll þau augnablik sem hafa orðið til þess hvar við erum í dag, vináttuna sem við höfum skapað saman og þau teppi sem við höfum horft á og hugsað hugfangin “vá hvað þetta er fallegt”.

Ég hef nokkrum sinnum komið til Sisters og Bend í Oregon í gegnum árin og þá helst að vori og hausti til að eiga sumarið hérna heima. Í ferðinni fyrir tíu árum var ákveðið að næst yrði farið í júlímánuði til að ná sýningunni og það var gert. Þá fórum við mamma saman á sýninguna og skemmtum okkur konunglega. Núna var ég ein að skottast á sýningardaginn og gaf mér varla pásu, þurfti nefnilega helst að sjá allt, taka myndir og versla efni út í loftið.

Það er gaman að segja frá því að tilurð sýningarinnar hófst þegar ung listakona og kennari, Jean Wells, stofnaði verslunina The Stitchin’ Post árið 1974 í Sisters. Verslunin er enn starfrækt og er miðpunktur bútasauks-sýningarinnar. Jean hafði mikinn áhuga á að kenna fólki að skapa og búa til hluti með eigin höndum. Til að sýna hvað væri hægt að gera með efnunum sem hún seldi, tók



hún sig til og hengdi upp nokkur teppi fyrir utan verslun sína árið 1975. Það varð til þess að fólk byrjaði að koma sérstaklega til að sjá teppin, spjalla og vera saman. Út frá því skapaðist samfélagslegur vettvangur sem nú er stærsta



sýning sinnar tegundar í heiminum. Ógrynni fjölbreyttra teppa eru árlega á götum bæjarins, gerð af fólki víðs vegar um heiminn á öllum aldri, allt frá handsaumum arfleifðum til nútímalegra listaverka.



Sýningin hefur mikið samfélagslegt og efnahagslegt gildi fyrir svæðið og er Sisters eins konar miðstöð búta-
saums á vesturströnd Bandaríkjanna, með námskeiðum,
verslunum og viðburðum tengdum listinni allt árið. Tugir
þúsunda gesta skila verulegum efnahagslegum áhrifum
fyrir veitingastaði, gistingu og verslanir í bæjarfélaginu og

nágrenni þess. Nú þegar er byrjað að undirbúa sýningu
næsta árs. Fyrir áhugasama er heimasíða sýningarinnar:
<https://www.sqqs.org/>


*Kær kveðja,
Hugrún Björk Hafliðadóttir*



BRYDDINGAR

Brydding, líning eða binding, eða hvað svo sem lokafrágangurinn er kallaður. Hvað er nú það spyr kannski einhver og hvernig á að búa hana til. Það eru notaðar margar stærðir (breidd) á bryddingum. Til dæmis $2\frac{1}{4}$ eða $2\frac{1}{2}$ tommur og þá er brotið eftir endilöngu þannig að bryddingin er tvöföld. Einnig $1\frac{1}{2}$ eða $1\frac{5}{8}$ en þá er bryddingin brotin að saumnum eftir að hún hefur verið saumuð á. Þannig næst hún einnig tvöföld en er ekki eins fyrirferðarmikil og það sparast heilmikið efni.

Hér er sýnd brydding þar sem lengjurnar eru skornar $1\frac{5}{8}$ tommur á breidd. Því næst eru endarnir snyrtir og stíka með 45° striki horn í horn notuð til að skáskera endann. 45° strikið er látið nema við neðri brún lengjanna og $\frac{1}{4}$ doppan næst horninu lögð á jaðarinn og skorið. Þetta er gert við báða enda og það er áriðandi að efnið snúi alltaf með réttuna upp.



Þá er auðvelt að sauma lengjurnar saman og vinda þær upp á spjald.



Þannig er auðvelt að sauma/festa lengjuna á, í þessu tilfelli, teppið. Og þá er komið að því að ákveða hvort bryddingin er saumuð framan eða aftan á teppið og hvort hún verður að endingu saumuð niður í höndum eða í vél. Hér er hún saumuð/fest á bakhliðina því hún verður að lokum saumuð niður í vél að framanverðu.



Hornin eru gerð þannig að saumurinn nær $\frac{1}{8}$ að jaðri, þá er teppið losað undan, snúið og bryddingin brotin slétt við efri jaðarinn og saumað frá þeim jaðri.



Þegar byrjað er að sauma lengjuna niður er skilinn eftir 5 tommu bútur ósaumaður þannig að þegar búið er að sauma lengjuna niður á allt teppið er auðvelt að tengja endana saman. Best er að festa þá fyrst saman með útuprjónum til að það sé öruggt að allt passi.





Þá er bryddingin straujuð að saumfarinu, brotin yfir á réttuna og títuð eða klemmd niður.



Þegar bryddingin er saumuð niður finnst sumum gott að nota fót með landi sem hjálpar til að hafa nálina alltaf á réttum stað. Einnig er gott að vera í stöðum hanska á vinstri hönd og styðja við bryddinguna með oddmjóu áhaldi í hægri hönd, um leið og hún rennur undir nálina.



Í dag eru takkar á flestum saumavélum sem stjórna því hve hratt vélin saumar. Það er mjög hjálplegt að finna réttan/hægan hraða þar sem er góð stjórn á því þegar bryddingin er saumuð á teppið og svo að lokum niður því það gerir það svo mikið



auðveldar að halda bryddingunni á sínum stað og að ná beinum og fallegum saum.

Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir




JÓLATRÉ



Efnismagn. Það þarf 2 búta 5" x 16"
Mælið miðju 2,5" á öðrum endanum
og skerið tréð eins og myndin sýnir.



Sníðið Heat and Bond 1 stk og strau-
ið á röngunni á öðrum bútnum.




Takið pappírinn af og setjið hinn
bútin ofan á með röngunni niður.



Strauið búтана saman.



Snyrtið kantana.



Leggið stykkið á skurðarplötu og
miðjið tréð eftir einni línu.



Brjótið tréð og notið tommulínurnar.



Snúið trénu við og brjótið í hina átt-
ina, passið miðjuna.



Setjið klemmu á tréð og pressið það
vel. Látið kólna vel.





Skerið jafnt á neðstu plíseringuna, er fallegra.



Þræðið síðan grillpinnann í gegn um bункann.




Takið undirstöðu t.d. bút úr birki borið gat og stingið trénu þar í einnig að útbúa skraut og líma efst á toppinn til að loka trénu.




Takið sterkan grillpinna og merkið fyrir gati á miðjunni á toppnum, gott að nota mjóan al til að stinga í gegn um allt tréð.



Jafnið plíseringuna á grillpinnanum.



Snúið plíseraða bункanum við og borið gat með mjög finum bor, verður að vera finni en grillpinninn.



Klippið pinnann í þá lengd sem þið viljið hafa.

Svala Krístrún Stefánsdóttir



BUDDA

Efnisþörf:

2x15x15 cm bak og framhlið

5x10 cm botn

15x30 cm fóður

15x30 cm vatt

Rennilás 30 cm

Binding 2x 5x 40 cm

Afskurður í nokkrum litum

Flíselín fyrir ásaum og límstifti vatnleysanlegt.

„Hnífapör“ fyrir ásaum, afgang útsmsgarn

Byrjað er að sníða og raða saman skreytingu á framhliðina með ásaum (applekeringu). Límið inn saumfarið á bútonum sem þess þurfa. ATH á húsið er ekki þakið brotið inn bara skorsteinn og hliðar. Það sem er undir öðrum hlutum er ekki brotið inn af það fer undir.


Sníðið fram- og bakstykki ásamt botni, raðið á framstykkið og límið niður. Það er gott að strauja niður þá festist allt saman. Síðan er saumað niður með sporum undir brún svo að þau sjáist ekki.

Saumið bindingu á rennilásinn með sárið á kanti rennilássins samanbrotna, sjá mynd.

Saumið botn, fram og bakstykki saman og leggið í samloku og stingið síðan að saum alveg út í brún á stykkinu og sníðið til bak og vatt.

Því næst er rennilásinn saumaður á. Þegar það er búið á að sauma niður bindinguna að botni (ekki sauma á botninn). Því næst er saumað horn botninn á röngunni og faldað yfir með bindingu.

Ásdís Finnsdóttir





Óvæntur glaðningur

Ívetur var mér afhentur poki með lafgangs efnisbútum sem ekki voru bútasaumsefni en myndu henta vel í ýmis samfélagsverkefni. Þegar ég tók við pokanum var mér sagt að það væri kannski eitthvað meira í pokanum. Gefandinn vissi það ekki þar sem hún var að gefa pokann áfram. Þegar ég seinna fór að skoða í pokann til að ganga frá efnunum fann ég heldur betur óvæntan glaðning. Átta stjörnu-blokkir, alveg sérlega vel saumaðar og þá vandaðist nú málið. Hvernig átti ég að gera eitthvað fallett úr þeim? Þetta varð svo niðurstaðan eftir miklar vangaveltur. Stjörnurnar eru allar saumaðar eftir sama mynstrinu en efnisnotkunin gerir þær ólíkar.

Sunna Reyrr





Emilie Trahan - Lost and Fun



Carrefour
European
Quilt Show

31st show

INTERNATIONAL TEXTILE EXHIBITION

17-20 September 2026

Val d'Argent | ALSACE | FRANCE

www.patchwork-europe.eu f @



BERNINA
made to create

 **HandiQuilter**
BY QUILTERS FOR QUILTERS

Crédit  Mutuel

dici
Radio
TV
Digital

make **MODERN**

ATELIERS D'ART

UN EVÉNEMENT
EVA
ÉVÉNEMENTIEL
EN VAL D'ARGENT